

Alþingi
Erindi nr. P 130/2499
komudagur 24.5. 2004



Reykjavík 13. maí 2004

**UMSÖGN UM ÞINGMÁL NR. 784
-FRUMVARP TIL LAGA UM VEÐURÞJÓNUSTU-**

**Umsögn Sigurðar Þ. Ragnarssonar
fyrir hönd Íslenska Útvarpsfélagsins.**

Undirritaður kom á fund nefndarinnar fyrir hönd Íslenska útvarpsfélagsins á fyrra stigum málsins. Til viðbótar við það sem þar kom fram eru eftirfarandi atriði nú nefnd sérstaklega.

-Til áréttингar er gerð tillaga um að í 8. grein frumvarpsins verði orðinu "...án endurgjalds..." komið fyrir í 1. mgr. greinarinnar þannig að hún hljóði svo (feitletrið er umrædd breyting):

8. gr.
Miðlun veðurupplýsinga.

Veðurstofa Íslands skal **án endurgjalds** miðla upplýsingum um veður, almennar veðurspár, almennar veðurhorfur og veðurtengda þætti a.m.k. daglega til fjölmíðla og annarra miðla sem hafa almenna útbreiðlu og ná til notenda innan lands, hafsvæða umhverfis landið og flugstjórnarsvæðis sem stofnunin vaktar samkvæmt alþjóðlegum sammingum eða skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi.

Rök.

Veðurstofan miðlar þessum upplýsingum þegar í dag, bæði á faxformi, í gegnum netið og víðar. Íslenska útvarpsfélagið greiðir að einhverju leiti fyrir þessar upplýsingar í dag. Á fundi nefndarinnar var því haldið fram að félagið væri að greiða fyrir símakostnað í tengslum við faxsendingar. Ég tel nauðsynlegt að taka af allan vafa í þessum efnunum, enda ótækt að gögn sem Veðurstofu Íslands er skyld að senda út þurfi móttakandi síðan að greiða fyrir.

-Í 12 gr. frumvarpsins er gerð sú skylda að VÍ afhendi gögn sem hún býr til eða aflar....gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra....

Orðalagið ".....gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra...." er of opið. Er VÍ í sjálfsvald sett hvað hún telur vera kostnað við afhendingu gagna? Gerð er tillaga um að breytt orðalag þannig að í stað "...gegn greiðslu þess


kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra.....” komi “..á kostnaðarverði..” Greinin hljóði því svo (feitletrun er breyting frá núverandi orðalagi):

12. gr.
Aðgangur að gögnum.

Veðurstofu Íslands er skylt að afhenda gögn sem hún býr til eða aflar við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu **á kostnaðarverði**, þó með þeim takmörkunum sem leiðir af aðild Íslands að fjölpjóðasamningum um meðferð veðurgagna og tölvuspáa í markaðsumhverfi.

Fleiri athugasemdir eru ekki gerðar.

Fyrir hönd Íslenska útvarpsfélagsins,


Sigurður Þ. Ragnarsson jarð- og veðurfræðingur